




SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR

KIRKJUHOLT – *lóðarúthlutun 2024*



Kirkjuholt - lausar lóðir í Sveitarfélaginu Vogum



- Mikil uppbygging hefur átt sér stað í Sveitarfélaginu Vogum undanfarin ár, samhliða hefur íbúum fjölgað hratt og eru þeir um 1600 talsins í dag.
- Sveitarfélagið er vel staðsett milli tveggja stærstu atvinnukjarna landsins og eru samgöngur milli Voga og höfuðborgarsvæðisins góðar.
- Sveitarfélagið Vogar óskar eftir tilboðum í byggingarrétt 4 lóða fyrir 1 parhús og þrjú 4 íbúða fjölbýli á reitnum Kirkjuholt sem er staðsettur á besta stað í þéttbýli Voga.

Kirkjuholt

– í göngufjarlægð frá skólum og íþróttasvæði

- Um er að ræða þéttingarreit í grónum hluta þéttbýlis Voga og er gerð krafa um að byggingaraðili skili fullbúnum lóðum.
- Göngufæri að skóla og íþróttahúsi er innan við 2 mínútur.
- Sveitarfélagið Vogar er fjölskylduvænt samfélag og er lögð áhersla á heilsuefningu í starfi leik- og grunnskóla.



Kirkjuholt - deiliskipulag

Um er að ræða 14 íbúðaeiningar, 1 parhús og 3 fjölbýli.

Skipulagssvæðið er um 1,1 ha og afmarkast svæðið af götum Kirkjugerði í austri, Tjarnargerði í suðri, Aragerði í vestri og af lóðarmörkum lóða við Hafnargötu 20, 22, 24 og 26 í norðri.

Aðkoma að nýjum lóðum svæðinu er frá núverandi götum Aragerði, Tjarnargötu og Kirkjugerði. Gangstéttar verða meðfram Aragerði2 og Tjarnargötu. Gert er ráð fyrir 2 bílastæðum fyrir hverja íbúð innan skipulagssvæðisins.

Parhús

Innan byggingarreitsins er heimilt að reisa parhús á einni hæð með innbyggðri bílgeymslu og gólfleti að hámarki 320 m². Þakgerð skal vera einhalla þak (3-5°) og hámarks vegg hæð 4,5 m miðað við kóta aðalgólfs. Mikilvægt er að byggingin falli vel að aðliggjandi byggð á svæðinu. Staðsetning byggingar innan byggingarreits er frjáls.

Þrjú fjölbýli á tveimur hæðum

Innan byggingarreits er heimilt að reisa fjölbýlishús á tveimur hæðum án bílgeymslu með gólfleti hvorrar hæðar að hámarki 280 m². Þakgerð skal vera einhalla þak (3-5°) og hámarks vegg hæð 7,0 m miðað við kóta aðalgólfs. Mikilvægt er að byggingar falli vel að aðliggjandi byggð á svæðinu. Staðsetning bygginga innan byggingarreits er frjáls.



Kirkjuholt – gögn og frekari upplýsingar

Þjóðendur gera tilboð í byggingarrétt lóðar. Lágmarkstilboð er kr. 10.000.000 í hverja einstaka lóð og þarf tilboðsfjárhæð að vera sú sama í hvora lóð í sameiginlegu tilboði í fleiri en eina lóð.

Tilboð í byggingarrétt lóðanna þurfa að berast fyrir kl. 12:00 mánudaginn 18. mars 2024 á bæjarskrifstofu.

Tilboð verða opnuð og tekin fyrir á fundi bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga kl. 17:30 miðvikudaginn 20. mars 2024.

Auk greiðslu fyrir byggingarrétt þarf lóðarhafi að greiða gatnagerðargjald í samræmi við gildandi samþykkt sveitarfélagsins um gatnagerðargjald. Byggingarréttargjald innifelur ekki heimæðargjöld veitustofnana, byggingarleyfisgjald, skipulagsgjald, úttektargjöld og önnur slík gjöld. Lóðarhafi greiðir umrædd gjöld í samræmi við gjaldskrár sem gilda hverju sinni.

Nánari upplýsingar veitir byggingarfulltrúi

Í síma 440-6200

eða á netfangið: byggingarfulltrui@vogar.is



SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR